1975

# AUGLÝSINGA-
## OG KYNNINGARBLAÐ SKÍÐAMANNA

**Auglýsinga-blaðið spyr:**

## Hafa bæjarbúar áhuga á snjótroðara?

Eftirfarandi spurningar voru lagðar fyrir nokkra bæjarbúa:

1. Hefur þú áhuga á að snjótroðari verði keyptur til bæjarins?
2. Ef fram færi fjársöfnun í bænum fyrir snjótroðara, myndir þú láta fé af hendi í þá söfnun?



Geirþrúður Charlesdóttir.

1. Já ég tel það nauðsynlegt til þess að bæta aðstöðuna bæði hjá keppnisfólk og áhugafólki. Ég tel mjög mikilvægt uppeldislega séð að stunda skíðaíþróttina.
2. Já.



Eiríkur Kristófersson.

1. Já það hef ég.
2. Já.



Ægir Ólafsson.

1. Alveg skilyrðislaust já.
2. Alveg sjálfsagt.



Birgir Valdimarsson.

1. Já ég tel það mikið öryggi fyrir skíðaunnendur og sjálfsagðan hlut.
2. Já.



Kristín Ásgeirsdóttir.

1. Já mjög mikinn.
2. Já.



Lydia Sigurlaugsdóttir.

1. Já, ég tel snjótroðara nauðsynlegan fyrir almenning. Almenningur myndi notfæra sér aðstöðuna mikið meira, ef snjótroðari væri fyrir hendi.
2. Já.



Guðmundur Þórðarson.

1. Já, ég tel það mikla nauðsyn fyrir Ísafjörð og ekki síst fyrir hinn almenna borgara.
2. Já.





## Flugfélag Íslands

### *Helgarferðir*
Flugfar með gistingu á hóteli og morgunverður

### *Leikhúsferðir*
Flugfélag Íslands aðstoðar hópa við útvegun leikhúsmiða og gistingu

### *Kanaríeyjar*
Nú gefst kostur á nýjum stað á Kanaríeyjum það er blómaeyjan TENERIFE

***Leitið upplýsinga hjá skrifstofu Flugfélagsins***

**M. Bernharðsson skipasmíðastöð hf. Ísafirði**
Símar: 3290, 3210 og 3575.
Dráttarbraut fyrir 400 tonna skip.
Nýsmíði fiskiskipa úr tré og stáli.
Fullkomin viðgerðarþjónusta.
Sel efni til skipa og báta.

*Einar Guðfinnsson h.f.*
Sími 7200 - Bolungarvík

**G. E. Sæmundsson hf.**
Aðalstr. 17 — Ísafirði — Sími 3047— Pósthólf 120
ÁVALLT FYRIRLIGGJANDI
MÁLNING
MÁLNINGARVÖRUR
VEGGFÓÐUR

**Ísfirðingar - Vestfirðingar!**
Handofnar nytsamar gjafavörur heklaðar og prjónaðar úr íslenskri ull, vekja mesta athygli vina heima sem erlendis.
Jólagjöfin á kvennaári framleidd af konum.
VEFSTOFUBÚÐIN

Skíðagrindur, snjókeðjur ásamt úrvali af varahlutum hjá
**RAF BÍLABÚÐ Ísafirði**
Sími 3279.

VERZLUN BJÖRNS GUÐMUNDSSONAR HF.
Silfurgötu 1 Ísafirði — Sími 3032.
MATVÖRUR — ÁVEXTIR

SPARISJÓÐUR BOLUNGARVÍKUR
Sími 7116 — Bolungarvík.
Annast öll venjuleg sparisjóðsviðskipti.

VINNUVER
Ávallt mikið úrval af leikföngum og gjafavörum.
VINNUVER
Mjallagötu 5.

**Trésmíðaverkstæði Arnórs Stígssonar**
SÍMI 3539

Úrval af Prjóna- og heklugarni. handavinnu.
**HANNYRÐABÚÐIN**

Erum kaupendur af fiski til frystingar, söltunar og herslu.
**Hraðfrystihúsið hf. Hnífsdal**

Full búð af nýjum vörum.
Vörusendingar í hverri viku
**EPLIÐ**

**Kenwood-** Útvarpsmagnarar, magnarar, plötuspilarar, hátalarar, heyrnartæki
**Pioneer-** útvarpsmagnarar, magnarar, plötuspilarar, heyrnartæki
**Cassettur og hljómplötur**
**Verzlunin Kjartan R. Guðmundsson**
Hafnarstræti 1, Ísafirði. Sími 3507.

FLUGFÉLAGIÐ ERNIR
FLUGFÉLAGIÐ ERNIR HF.
Alhliða flugþjónusta á vestfjörðum.
Flugfélagið ERNIR — Símar 3898 & 3698.

**Efling byggðar** LANDSBANKI ÍSLANDS **Betri kjör**
Útibúið á Ísafirði

Allar byggingavörur
Verkfæraúrval og fleira og fleira
**Timburverslunin BJÖRK**

HJÓLBARÐAVERKSTÆÐI BJÖRNS GUÐMUNDSSONAR
SUÐURGÖTU — SÍMI 3501
Hjólbarðar — Viðgerðaþjónusta

ÍSFIRÐINGAR!
Nýkomið mikið úrval af sófasettum, stökum stólum og svefnbekkjum. Einnig mjög fallegum veggeiningaskápum og áklæðum í mörgum litum.
**Húsgagnaverslun Ísafjarðar**

**Ísfirðingar - Nágrannar!**
Nýkomið úrval af rúllukragabolum í 6 litum.
Úrval af blússum.
Avon snyrtivörur fyrir dömur og herra.
VERSLUNIN ÓSK

## Óli M. Lúðvíksson:



# Starfsemi Skíðaráðs Ísafjarðar síðastliðinn vetur

ÉG ÆTLA í fáum orðum að segja frá skíðastarfinu á liðnum vetri. Tel ég að sjaldan hafi íþróttin verið í eins mikilli framför.

Í janúar fékk S.R.Í. Austurrískan þjálfara til að þjálfa alla aldursflokka í alpagreinum. Ég tel að það hafi verið mjög jákvætt og tímabært að fá hann hingað, því árangur skíðafólks okkar sýndi það með mjög góðum árangri á mótum vetrarins.

Nokkrir skíðamenn og konur fóru til æfinga erlendis með góðum árangri, Hafsteinn Sigurðsson fór til mið Evrópu Davíð Höskuldsson og Þröstur Jóhannsson fóru til Noregs og nokkrir fóru til Austurríkis.

Með tilkomu erlends þjálfara og fleiri góðra skíðamanna verður fjárþörfin meiri, því fór mikill tími hjá S.R.Í. og skíðafólki í fjáraflanir, sem gengu mjög vel. Tel ég að þar hafi almenningur og fyrirtæki sýnt hvern hug þau bera til íþróttarinnar, því ber að þakka öllum sem studdu þennan málstað svo dyggilega. En án stuðnings ykkar hefði ekki verið hægt að halda uppi eins miklu starfi.

Farið var út í fullorðinskennslu síðastliðinn vetur, sem ég held að hafi tekist það vel að áframhald hlýtur að verða á þeim námskeiðum.

S.R.Í. réði til sín þjálfara í alpagreinum fyrsta júlí, er það hinn kunni skíðamaður okkar Hafsteinn Sigurðsson, en hann hefur haldið saman karlaflokknum undanfarin ár og á hann heiður skilinn. S.R.Í. hefur verið að leita eftir þjálfara fyrir göngumenn. Það er von mín að á komandi vetri megi vera þjálfarar í báðum greinum.

Í sumar fóru þrír piltar til æfinga til Austurríkis og æfðu hjá Atomic í þrjár vikur en þeir voru Sigurður H. Jónsson Hafþór Júlíusson og Einar V. Kristjánsson, en Sigurður og Hafþór eru í landsliði Íslands sem æfir undir Olypíuleikana, sem fara fram í Innsbruck í febrúar á næsta ári. Munu þeir fara til æfinga og keppni 15. nóvember og verða til 22. des. Munu fara utan fimm karlar og þrjár konur og tveir göngumenn. En til keppni á Olympíuleikum taka aðeins tveir þátt í göngu, tvær konur og fjórir karlar í alpagreinum. Vona ég að skíðaíþróttin megi blómgast á komandi árum.

Óli M. Lúðvíksson.

## Nú fá bestu unglingarnir að keppa í flokki fullorðinna í vetur

Á haustráðstefnu skíðasambandsins, sem haldin var fyrir skömmu, var ákveðið að þeir piltar í flokki 15—16 ára og stúlkur 13-15 ára sem hafa 20 stig eða minna í svigi eða stórsvigi, öðlast rétt til þess að keppa í flokkum fullorðinna.

## HVER VISSI ÞETTA

Íþróttasamband Íslands fékk 16 milljónir kr. í styrk frá ríkissjóði á síðast liðnu ári, sem er styrkur til allra íþróttagreina á öllu landinu. En ríkissjóður fékk 13 millj. kr. í hagnað af tollum á skíðavörum á síðastliðnu ári. Já aðeins af skíðavörum. Hver styrkir svo hvern?


MJÖLVINNSLAN HF.,
HNÍFSDAL





Frá Seljalandsdal.


# Þjónustunet Volvo




# Volvo öryggi allan hringinn

VOLVO ÖRYGGI

Erum að byggja upp varahlutalager í VOLVO bifreiðar,. Erum með viðgerðarþjónustu fyrir VOLVO.

Ef þig vantar eitthvað í bílinn þá hringdu í síma 3837

**Bílaverkstæði Ísafjarðar**



**Allar almennar myndatökur.**

**Ljósmyndastofa Ísafjarðar**

Mánagötu 2 - Sími 3776

# Ísafjörður — Nágrenni!

Tökum að okkur málningarvinnu allskonar inni og úti.

Reynið viðskiptin.

Davíð Höskuldsson, sími 3326.
Georg Bæringsson, sími 3720.

**Bílaeigendur!**

Athugið breyttan opnunartíma smurstöðvar okkar.

Framvegis verður opið á
Mánudögum kl. 8—18,30
Miðvikudaga kl. 8—18,30
Föstudaga kl. 8—17,00

Erum með olíur frá eftirtöldum aðilum: SHELL, BP og ESSO.

Olíusíur og loftsíur í flesta bíla. Smurstöðin sér um að mæla fyrir ykkur frostlöginn ef óskað er.

Reynið þjónustuna.

Erum að byggja upp varahlutalager í FORD bifreiðar, einnig önnumst við viðgerðarþjónustu á FORD bifreiðum.

Söluumboð á FORD bílum.

EF þig vantar varahluti, þá prófaðu að hringja í síma 3837.

**Bílaverkstæði Ísafjarðar**
Símar 3837 og 3379



**straumur HF**

ROWENTA-vörurnar þekkja allir

CANDY — ELECTROLUX

Fjölbreytt vöruval —
Góð viðgerðaþjónusta

Verslunin er opin frá 13—18
Sími 3321



**ísafjarðar apótek**
HRAFNKELL STEFÁNSSON · SÍMI 3009 · PÓSTHÓLF 14 · ÍSAFIRÐI

Hjúkrunarvörur — Gjafavörur
Snyrtivörur — Ilmvötn

Opið mánudaga og föstudaga 9—18
laugardaga 10,30—12,30.



Snjótroðari af sömu gerð og keyptur yrði til Ísafjarðar.

# Brýn nauðsyn að fá snótroðara til Ísafjarðar


Hafsteinn Sigurðsson.

ÍSFIRÐINGAR hafa undanfarin ár haft mjög mikinn áhuga á að fá snjótroðara til bæjarins. Til þess að geta troðið snjóinn, jafn óðum og fennir. Með því móti höfum við gott skíðafæri á hverjum degi og dregur það einnig mjög mikið úr slysahættu. Snjótroðari getur einnig búið til mjög góðar göngubrautir. Mun snjótroðari því koma öllum, sem fara á skíði á Ísafirði að mjög miklum notum, hvort sem fólk fer á skíði með keppni fyrir augum eða sér til ánægju og heilsubótar, hvort sem það velur að ganga á skíðum eða renna sér.

Forráðamenn skíðaíþróttarinnar á Ísafirði hafa með aðstoð og milligöngu Kurt Jenni, sem var skíðaþjálfari hér s.l. vetur, haft samband við þýskt fyrirtæki, sem framleiðir einhverja þá bestu snjótroðara sem völ er á. Þetta þýska fyrirtæki sendi hingað til Ísafjarðar tvo sérfræðinga sína í ágúst s.l. Skoðuðu þeir allar aðstæður hér og var það þeirra álit að snjótroðarinn gæti farið alla leið upp í „Skál" eða jafn hátt og efri skíðalyftan nær og þar með troðið allar þær brekkur sem skíðaðar hafa verið hér. Það er samdóma álit bæði heimamanna og þýsku sérfræðinganna að hingað verði að koma sterkur og vandaður snjótroðari. Nú þegar er búið að

# Tilkynning frá Skíðaráði Ísafj.

ÞEGAR Bæjarstjórn Ísafjarðar samdi fjárhagsáætlun sína 1975 ákvað hún að eitthundrað og fimmtíuþúsund, skyldu verða sem viðurkenning og styrkur til skíðamanna. Skíðaráð Ísafjarðar hefur tekið við þessum peningum, og hefur verið beðið að afhenda á næsta aðalfundi, kr. 50.000,00 til Hafsteins Sigurðssonar frá Bæjarsjóði Ísafjarðar fyrir mjög góðan árangur á liðnum árum. Skíðaráð Ísafjarðar þakkar þetta höfðinglega framlag. Eitthundrað þúsund mun Skíðaráðið nota til að greiða hlut okkar í kostnaði við undirbúning keppenda okkar fyrir Olympíuleikana 1975. En hlutur Skíðaráðsins vegna þessa til Skíðasambands Íslands er kr. 265.000,00 krónur.

# Tveir Ísfirðingar í landsliði Íslands á skíðum

Vetrarólympíuleikarnir verða haldnir í Innsbruck í Austurr. 4.—15. febrúar 1976. 8 Íslendingar verða meðal þátttakenda 4 í alpagreinum karla, 2 í alpagreinum kvenna og 2 í göngu.

Skíðasamband Íslands hefur ákveðið að senda 10 skíðamenn erlendis 15. nóvember n.k. til æfinga fyrir Olympíuleikana. Alpagreinafólkið fer fyrst til Austurríkis og æfir þar í hálfan mánuð síðan verður farið í keppnisferðalag um mið-Evrópu. Göngumennirnir fara til Noregs í æfingar og keppni. Skíðafólkið kemur síðan heim rétt fyrir jól. Þeir sem fara þessa ferð eru:



Hafþór Júlíusson.



Sigurður H. Jónsson.

ALPAGREINAR KARLA:
Hafþór Júlíusson Ísaf.
Sigurður H. Jónsson Ísaf.
Árni Óðinsson Akureyri.
Haukur Jóhannsson Ak.
Tómas Leifsson Ak.

ALPAGREINAR KVENNA:
Jórunn Viggósdóttir R.vík.
Margrét Baldvinsdóttir Ak.

GANGA:
Halldór Matthíasson Ak.
Trausti Sveinsson Fljótum.

ákveða þá gerð sem kaupa á. Þessi snjótroðari er til í verksmiðjunni og buðust þjóðverjarnir til þess að taka hann frá um skamman tíma.

Þessi snjótroðari kostar um 8 milljónir kr. sem er um 2700 kr. á hvern íbúa. En svo kemur það á móti að íþróttasjóður ríkisins greiðir 40% af verðinu á 3—4 árum. Bæjarsjóður Ísafjarðar hefur þegar veitt 650 þús. kr. á þessu ári til snjótroðarakaupa og hefur verið ákveðið að framhald verði á fjárveitingum frá Bæjarsjóði í þessu skyni.

Þá er verið að kanna lánsmöguleika hjá lánastofnunum í Reykjavík, en sannast sagna, þá hefur sú könnun gengið óeðlilega seint. Þar sem geysilegur áhugi er meðal bæjarbúa, á að fá hingað snjótroðara, eins og viðtöl þau, sem við áttum við nokkra bæjarbúa bera með sér (sjá forsíðu), verðum við að gera þá kröfu til forystumanna íþróttamála bæjarins, að þeir kanni nú þegar til hlítar alla hugsanlega lánsmöguleika, svo að bæjarbúar fari að fá svar við þeirri spurningu sem flestir spyrja: Kemur snjótroðari til Ísafjarðar í vetur? Einnig mega Bæjarbúar eiga von á að barið verði á dyr þeirra og þeir beðnir um stuðning.

Læknar hvetja fólk mjög til útiveru. Hér á Ísafirði er skíðaíþróttin ákjósanlegasta útivistin. Með tilkomu skíðalyftanna á Seljalandsdal hefur áhugi og ástundun meginþorra bæjarbúa á þessari íþrótt aukist ótrúlega mikið og með tilkomu snjótroðara yrði byltingin fyrst að raunveruleika. Það er óhrekjandi staðreynd að hér á Ísafirði snjóar yfirleitt mjög mikið. Ef fólk getur ekki haft neina ánægju af snjónum, getur hann orðið yfirþyrmandi og jafnvel valdið því að fólk flytur burt. Þess vegna verðum við að búa til þá aðstöðu á Seljalandsdal að allir bæjarbúar geti haft ánægju af snjónum og notið þess að renna sér á hvítri nýtroðinni mjöllinni.

Hafst. Sig.

## STÓRMÓT VETRARINS

FLOKKAR FULLORÐINNA:

24.—25. jan. svig, stórsvig og ganga Reykjavík.
21.—22. febr. svig, stórsvig Húsavík.
21.—22. febr. ganga Siglufirði.
6.—7. mars, svig, stórsvig, ganga Ísafjörður
27.—28. mars, svig, stórsvig, ganga Akureyri.
13.—19. apríl Skíðamót Íslands Akureyri.
5.—6. júní, svig, stórsvig Siglufjörður.

UNGLINGAR:

7.—8. febr., svig, stórsvig Húsavík.
13.—14. mars, svig, stórsvig Seyðisfjörður.
2.—4. apríl Unglingameistaramót Ísl. Reykjavík.

PÓLLINN HF

Útiljós (kopar)
Teppahreinsarar
Vasaljós í úrvali

Mikið úrval heimilistækja:

PHILCO uppþvottavélar
IGNIS frystikistur
PHILIPS sjónvörp
CASSETTUR (tónbönd) ferskar og nýjar

PÓLLINN ÍSAFIRÐI

Munið!
Viðgerðaþjónustan viðurkennda.

RAFÞJÓNUSTA 3092
RAFTÆKJASALA 3792

VÉLSMIÐJAN ÞÓR HF., AUGLÝSIR:

Erum með viðgerða og varahlutaþjónustu fyrir Heklu hf. og P. Stefánsson.

Ennfremur höfum við fyrirliggjandi lager GOOD YEAR snjóhjólbarða neglda og óneglda.

VÉLSMIÐJAN ÞÓR HF.
Ísafirði, símar 3041 og 3711.

Hagsýn húsmóðir velur VERÐIÐ.
Vandlát fjölskylda dæmir GÆÐIN.
Í næstu verslun fáið þér:

IXL—cocktail IXL—perur
IXL—ferskjur IXL—ananas

Rauð delicious epli — Jaffa appelsínur.
Úrval af kexi frá Associated Biscuits.

Sandfell hf.
Símar: 3500 og 3570

## Vinningar í happdrætti Skíðasamb. Íslands:

# Ford Escort bifreið og farseðill til Innsbruck

Skíðasamband Íslands er að hleypa af stokkunum happdrætti til styrktar landsliðinu. Aðeins 2500 miðar eru útgefnir og vinningar eru Ford Escord bifreið og farseðill á vetrar olympíuleikana. Hver miði kostar 1000 kr. og verða seldir um allt land innan skamms. Við hvetjum Ísfirðinga til að freista gæfunnar og styrkja landsliðið um leið.


* Hefjið aldrei ferð án fyrirhyggju.
* Munið okkar hagstæðu ferðaslysatryggingar.

Brunabótafélag Íslands

ÍSAFJARÐARUMBOÐ,
Aðalstræti 22, sími 3164.

**Skíðafólk - Íþróttafólk!**

Æfið vel og reglulega
Komið síðan í Félagsheimilið í Hnífsdal
og farið í afslappandi gufubað og hressandi böð.

Félagsheimilið Hnífsdal, símar: 3633 og 3645.


**MENNINGARRÁÐ ÍSAFJARÐAR**

Menningarráð Ísafjarðar mun í ár, eins og undanfarin ár, veita styrki til menningarstarfsemi
Umsóknir skulu hafa borist fyrir 20. nóv. n.k. og skulu þær sendar til formanns ráðsins, Sigríðar J. Ragnar, Smiðjugötu 5 Ísafirði eða til bæjarskrifstofunnar.

Menningarráð Ísafjarðar


Ekkert jafnast á við sund!

Sundhöll Ísafjarðar

Miðfell hf.
Hnífsdal



**Auglýsinga- og kynningarblað skíðamanna**

Ritstj. og ábm. Hafsteinn Sigurðsson




Sigurvegararnir í heimsbikarnum: Anne-Marie Pröll, frá Austurríki og Gustavo Thæni frá Ítalíu.


**HF. DJÚPBÁTURINN ÍSAFIRÐI AUGLÝSIR:**

Vetraráætlun ms Fagranes verður sem hér segir:
Mánudaga og fimmtudaga — Vesturferðir
brottför kl. 7,00.
Þriðjudaga og föstudaga — Djúpferðir
brottferðir kl. 8,00.



Alþýðuhúsið — Ísafjarðarbíó




Bolungarvík
Símar 7353 7351

Trésmiðja — Byggingavörur — Hurðaverksmiðja
Vinnuvélar — Plastverksmiðja — Verktakar.


**Byggingalánasjóður Ísafjarðarkaupstaðar**

## Auglýsing um lán

Byggingalánasjóður Ísafjarðarkaupstaðar auglýsir eftir umsóknum um lán úr sjóðnum
Tilgangur sjóðsins er sá, að styrkja einstaklinga, búsetta á Ísafirði til þess að koma sér upp íbúðarhúsnæði til eigin nota
Skilyrði til þess að lánbeiðanda verði veitt lán er m.a. að viðkomandi íbúð fullnægi skilyrðum Húsnæðismálastofnunar ríkisins um lánshæfni
Umsóknareyðublöð fást á bæjarskrifstofunni hjá bæjarritara, er veitir nánari upplýsingar
Umsóknir skulu sendast til bæjarráðs Ísafjarðar, fyrir 1. des. n.k.

Ísafirði 28. okt. 1975
BÆJARSTJÓRI

ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS

Önnumst öll almenn bankaviðskipti erlend sem innlend.
Innlánsviðskipti, leiða til lánsviðskipta.
Eldtraust geymsluhólf til leigu.

**ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS**
ÚTIBÚIÐ Á ÍSAFIRÐI

---

**Búðanes hf.**
útgerðarfélag

---

**Ísfirðingar - Nágrannar!**

Leitið tilboða í húsið eða innréttinguna.

Nýkomnar margar stærðir og þykktir af spónaplötum.

**KUBBUR HF.**

---

**VÉLSMIÐJA BOLUNGAVÍKUR HF.**
Hafnargötu 57-59 - Sími 7380

Vélsmiðja — Bílaverkstæði

---

**Rækjuverk-smiðjan hf.**
Hnífsdal

---

Léttar veitingar eftir harðar æfingar.

**HAMRABORG**

---

**Olíusamlag útvegsmanna**
Sími 3245

Umboð fyrir SHELL og BP.

Danfoss ofnkranar ávallt fyrirliggjandi.

---

**ESSO-NESTI sími 3574**

ESSO bensín — ESSO olíur

ATLAS — HOLTS bílavörur.

Tóbak — Sælgæti — Öl — Pylsur — Ís o.fl.

---

ÍSHÚSFÉLAG ÍSFIRÐINGA HF.

# Íshúsfélag Ísfirðinga h.f.

*Sími 3870 — Ísafirði*

# SKÍÐI og SKÍÐABÚNAÐUR

fyrir göngu
fyrir svig






fyrir
algjöra
byrjendur

sem færustu keppendur og alla þar á milli

## Bókaverslun Jónasar Tómassonar

SPORTVÖRUDEILDIN HAFNARSTRÆTI 4 - SÍMI 3123

bjt

---

Með fullkomnari tækjum batnar stöðugt aðstaða okkar til aukinnar þjónustu.

## ÖLL PRENTVINNA

PRENTSTOFAN ÍSRÚN HF.

---

# Verðlaunagetraun Auglýsingablaðsins

VINNINGUR:

**Helgarferð til Reykjavíkur með gistingu á Hóteli**

Í hvaða auglýsingum hér í blaðinu standa eftirfarandi setningar:

1. Ferskar og nýjar 2. Reynið þjónustuna 3. Úrval af blússum 4. Léttar veitingar 5. Inni og úti.

Úrlausnir þurfa að berast fyrir 1. desember, merktar Pósthólf 36 Ísafirði.